

AUGLÝSING

um skipulag í Vatnsleysustrandarhreppi í Gullbringusýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19/21. maí 1964 ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Vatnsleysustrandarhrepps í Gullbringusýslu að undanteknum nauðsynlegum byggingum vegna búrekstrar á lögbýlum.

Þetta er birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 29. janúar 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 34.

30. janúar 1975.

SAMÞYKKT

Veiðifélagsins Orra, sem er veiðifélag um vatnasvæði Laxár á Ásum, Laxárvatns, Fremri-Laxár, Svínavatns, Svínadalsár og Sléttár.

1. gr.

Félagið heitir Orri.

Heimili þess og varnarþing er á heimili formanns hverju sinni.

2. gr.

Félagið starfar í þremur deildum fyrst um sinn, og nær til allra jarða, sem land eiga að vatnasvæði Laxár á Ásum, Laxárvatns, Fremri-Laxár, Svínavatns, Svínadalsár og Sléttár.

1. Laxárdeild, um Laxá á Ásum.

2. Laxárvatnsdeild, um Laxárvatn og Fremri-Laxá.

3. Svínavatnsdeild, um Svínavatn, Svínadalsá og Sléttá og vatnasvæði þeirra.

3. gr.

Verkefni félagsins er að stunda fiskirækt á félagssvæðinu, og skipuleggja nýtingu vatnasvæðisins, að því er tekur til allrar veiði.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa 5 menn og jafnmargir til vara. Formaður hvernar deildar og 2 kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn, en gangi úr sitt árið hvor. Varamenn eru varaformenn hvernar deildar og 2 varamenn kosnir af aðalfundi á sama hátt og aðalmenn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Enginn félagismaður getur skorast undan kosningu, nema sérstök forföll hamli, eða hann hafi setið í stjórn s. l. tvö ár. Eigi mega vera fleiri en tveir menn úr sömu deild í stjórn samtímis.

Aðalfundur kys tvo aðalendurskoðendur og tvo til vara til tveggja ára í senn, þannig að annar aðal- og annar vara-endurskoðandinn verði kosnir árlega.

Fela má endurskoðunarskrifstofu tölulega endurskoðun.